



57. fundur.

30. júní 2014 kl 9:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæpór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar. Endurskoðun.*
2. *Hlutverk og lagaumhverfi skipulags- og umhverfisnefndar.*
3. *Flúðasel í landi Böðvarsness. Deiliskipulag.*
4. *Ystafell í Köldukinn. Umsókn um stofnun lóðar og sameiningu lóða.*
5. *Sandur 2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús*

1. Erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar. Endurskoðun

S20140603.

Lagt fram erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar og erindisbréf fyrir nefndir Þingeyjarsveitar. Erindisbréf nefndarinnar er frá 7. ágúst 2008 og hafa ýmsar breytingar orðið á verksviði nefndarinnar og lagaumhverfinu og því nauðsyn á að endurskoða erindisbréfið í ljósi þess.

Skipulags og umhverfisnefnd felur formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa í samráði við sveitarstjóra að endurskoða erindisbréf nefndarinnar í ljósi breytinga á verksviði hennar og breyttu lagaumhverfi.

2. Hlutverk og lagaumhverfi skipulags- og umhverfisnefndar. Kynning.

Skipulags- og byggingarfulltrúi fer yfir hlutverk og lagaumhverfi skipulags- og umhverfisnefndar og gerir grein fyrir helstu viðfangsefnum nefndarinnar.

3. Flúðasel í Fnjóskadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi S20140303.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 17. mars 2014 frá AVH, Önnu Margréti Hauksdóttur, f.h. landeigenda, Ingvars Kristjánssonar og Þórólfs Kristjánssonar þar sem óskað er eftir því að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitir í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 fyrir veiðiheimilið Flúðasel í landi Böðvarsness í Fnjóskadal og svæði þar í kring þar sem fyrirhugað er að reisa þar fimm ný smáhýsi fyrir veiðimenn. Jafnframt er óskað eftir því að landeigendum verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af svæðinu á sinn kostnað með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar frá 27. mars á fundi sínum 10 apríl s.l. þar sem hún samþykkti að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitir fyrir veiðiheimili í landi Böðvarsness og að AVH ehf yrði heimilað að vinna deiliskipulag af svæðinu á kostnað landeigenda eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. maí og auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda 12. júní s.l.

Innkomin ný gögn, deiliskipulagstillaga með greinargerð dags. 16. júní frá Önnu Margréti Hauksdóttur, arkitekt hjá AVH ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá gerð sérstakrar lýsingar og kynningar á deiliskipulagsverkefninu skv. 3. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi. Jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa deiliskipulagstillöguna eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

4. Yztafell í Kaldakinn. Umsókn um stofnun lóðar og sameiningu lóða. S20140602

Erindi mótttekið 18. júní 2014 frá Jóni Sigurðarsyni f.h. erfingja dánarbús Kolbrúnar Bjarnadóttur þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök lóð, Húsatún, úr landi Yztafells 2 landnúmer 153430 og á hina nýju lóð verði skráð fasteign nr. 216-2104. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá. Jafnframt er óskað eftir því að spilda landnr. 196090 sem leigð var út til skógræktar úr landi Yztafells 2 verði aftur sameinuð jörðinni. Með umsókn fylgir undirrituð yfirlýsing leigusala, erfingja dánarbús Kolbrúnar Bjarnadóttur og leigutaka hinnar umræddu spildu um að slíta leigusamningi án allra eftirmála.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að tilkynna stofnun lóðarinnar og breytingu á skráningu spildunnar til Þjóðskrár.

5. Sandur 2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús.

S20140401

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. júní 2014 frá Knúti Emil Jónassyni f.h. Hlaðgerðar Bjartmarsdóttur þar sem sótt er um leyfi til að flytja „Kaffihúsið Skuld“ sem áður stóð að Hafnarstétt 11, Húsavík á frístundalóð í hennar eigu í landi Sands 2 í Aðaldal. Húsið sem er byggt 1920 og endurbyggt 2005 er 36 m² að stærð. Meðfylgjandi umsókn voru bygginganefndarteikningar unnar af Knúti Emil Jónassyni.

Erindið var grenndarkynnt fyrir nágrönnum eins og 44. gr. skipulagslag nr. 123/2010 mælir fyrir um, þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir af svæðinu. Grenndarkynningu lauk 27. júní s.l. þar sem allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta höfðu þá svarað og ekki gert athugasemdir við hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir flutninginn á umræddu húsi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar hann hefur yfirfarið og samþykkt tilskilin gögn fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Fundi slitið.